

Vefrit fjármálaráðuneytisins

7. febrúar 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2007 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri nam tæpum 61 ma.kr. sem er 4,7 ma.kr. lakari útkoma en árið á undan. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er neikvæður um 2,1 ma.kr. samanborið við 25 ma.kr. lánsfjárhalla árið 2006. Fjármunahreyfingar námu 63 ma.kr. og skýrast af kaupum á eignarluta í Landsvirkun að fjárhæð 30,3 ma.kr. og eiginfjárframlagi til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 44 ma.kr. Á móti því vegur sala eigna og innheimta veittra lána.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs árið 2007 námu 452,7 ma.kr. sem er 18,7% aukning frá fyrra ári. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 395,7 ma.kr. sem er 11,7% aukning frá fyrra ári og samsvarar raunaukningu um 6,4% miðað við hækkun almenns verðlags. Aðrar rekstrartekjur aukast um 43,2% en þær skýrast einkum af vaxtatekjum og sölu vöru og þjónustu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 144,6 ma.kr. sem nemur 14,6% aukningu frá árinu 2006. Þar af vegur tekjuskattur einstaklinga mest og nam hann 84,1 ma.kr. og jókst um 7,5% frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðila nam 35,4 ma.kr. og var vöxturinn hóflegur á árinu, eða sem samsvarar 12,7%, eftir mjög mikinn vöxt í tvö ár þar á undan. Skattur af fjármagnstekjum nam 25,2 ma.kr. og jókst um 51,7% á árinu. Eignarskattar jukust um 27,7% á árinu og námu 11,7 ma.kr., þar af námu stimpilgjöld 9,3 ma.kr.

Innheimta veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Hún nam 191,8 ma.kr. á sl. ári og jókst um 9,2% frá fyrra ári eða sem nemur 4% að raunvirði eftir að tekið hefur verið tillit til hækkunar vísitölu neysluverðs. Stærsti hluti veltuskatta eru tekjur af virðisaukaskatti sem nam 135,4 ma.kr. og jókst um 10,6% á milli ára eða 5,3% að raunvirði. Áfengis- og tóbaksgjald og fleiri vörugjöld fylgdu verðlagsþróun að mestu. Vörugjöld af ökutækjum jukust um 2,4% að raunvirði og olíugjaldið um 6% en vörugjöld af bensíni drógust saman um 2,9% að raunvirði.

Af öðru má nefna að tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda jukust um 26,9% á milli ára og námu 5,3 ma.kr. og innheimt tryggingargjöld jukust um 5,2% og námu 39,2 ma.kr. Þá voru tekjur af sölu eigna alls 20 ma.kr. á árinu en þar af voru bókfærðir 12,8 ma.kr. í desember vegna sölu mannvirkja á fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll.

Greidd gjöld námu 369,6 ma.kr. á árinu 2007 og jukust um 54,9 ma.kr. milli ára eða rúm 17%. Almenn opinber þjónusta nam 52,3 ma.kr. og var hækkunin 38,2% milli ára. Útgjöld til almannatrygginga- og velferðarmála nema 86,6 ma.kr. og hækka um rúm 18% frá fyrra ári. Þar undir falla lífeyrstryggingar sem nema 38,7 ma.kr. og hækka um 7 ma.kr. milli ára og einnig barnabætur sem námu tæpum 8 ma.kr. og jukust um 2,1 ma.kr. Fæðingarorlofsgreiðslur hækkuðu um 1,5 ma.kr. og námu 7,9 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála nema 52,8 ma.kr. og er aukningin 9 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilbrigðismála voru 93,3 ma.kr. og jukust um 8,5 ma.kr. Útgjöld til menntamála nema 37,8 ma.kr. og er aukningin á milli ára 3,3 ma.kr.


Lánsfjárförf ríkissjóðs nam 48,5 ma.kr. á árinu 2007 en hrein lánsfjárförf var 2,1 ma.kr. Afborganir lána voru 33,8 ma.kr., þar af hefur 11,3 ma.kr. verið varið til uppgreiðslu erlendra lána. Heildarlántökur tímabilsins nema 58,9 ma.kr. og er allt tekið að láni innanlands. Lántökurnar skýrast af skuldabréfaútgáfu í tengslum við kaup ríkisins á 50% hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun að fjárhæð 26,9 ma.kr. og útgáfu á ríkisbréfum og ríkisvillum.

Vöruskiptin í janúar

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru fluttar inn vörur fyrir 34,2 ma.kr. í janúar sem er lítill aukning frá síðasta mánuði en frá janúar í fyrra er raunaukningin um 20%. Það sem mesta athygli vekur þegar rýnt er í undirlíði innflutningsins er að innflutningur fólksbifreiða eykst umtalsvert á milli mánaða og er í sögulegu hámarki. Einnig er

nokkur aukning í hrá- og rekstrarvörum þrátt fyrir að innflutningur á álöxiði dragist saman. Innflutningur fjárfestingarvara og hluta til þeirra eykst á milli mánaða og hefur ekki verið meiri síðan í júlí á sl. ári. Innflutningur rafskauta til álframlæðslu er áfram nokkuð mikill en eykst þó ekki á milli mánaða. Innflutningur á mat, drykkjarvörum og öðrum neysluvörum dregst saman á milli mánaða en er engu að síður mikill samanborið við janúar á sl. ári.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla janúar 2004 – janúar 2008



Fluttar voru út vörur fyrir 24,4 milljarða króna sem er nokkur aukning frá sl. mánuði þegar útflutningur nam einungis um 18,7 milljörðum króna. Útflutningur áls eykst að nýju eftir að hafa dregist töluvert saman í desember og útflutningur sjávarafurða er sambærilegur við útflutning sjávarafurða í desember. Í heild nam hallinn á vöruskipta-útfjöðningum í janúar 9,8 milljörðum króna.

Athygli skal vakin á því að mat á hreyfingum undirlíða inn- og útflutnings er byggt á eigin útreikningum en ekki bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands.

Framboð vinnuafis 2008

Fjármálaráðuneytið hefur að venju áætlað **framboð vinnuafis** í ár eftir landshlutum og mánuðum. Þessi áætlun er meðal annars notuð við útreikning á hlutfalli skráðs atvinnuleysis sem Vinnumálastofnun birtir mánaðarlega yfir árið. Áætlunin er gerð í svokölluðum ársverku, sem eru mælikvarði á magn framboðsins. Gert er ráð fyrir því að að meðaltali verði framboð vinnuafis í ár 162.600 ársverk sem er nær óbreytt frá endanlegu mati ráðuneytisins fyrir árið 2007. Nokkur tilflutningur verður þó á framboðinu milli landshluta eins og kemur fram í töflunni hér fyrir neðan. Mest aukning á framboðnu vinnuafli er á Suðurnesjum en fólksfjölgun hefur verið mest þar en hins vegar dregur mest úr framboðinu á Austurlandi þar sem framkvæmdum er að mestu lokið. Hinn mikli aðflutningur vinnuafis sem átt hefur sér stað að undanförun hefur gert nokkuð erfitt um vik að fylgja eftir breytingum á framboði vinnuafis. Eins og hingað til mun verða reynt að gera breytingar á áætluninni yfir árið eftir því sem nýjar upplýsingar gefa tilfelli til.

Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári		
	%	%
Allt landið	0,0	Vestfirðir -1,6
Höfuðborgarsvæði	0,2	Norðurland vestra -1,2
Landsbyggð	-0,2	Norðurland eystra -0,4
Suðurnes	1,9	Austurland -2,9
Vesturland	0,3	Suðurland 0,1

Tekjur ríkissjóðs janúar – desember		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,5	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	24,5	14,6
Eignarskattar	-38,5	27,7
Skattar á vöru og þjónustu	9,0	9,2
Tryggingagjöld	15,4	5,2
Tekjur alls	-4,5	18,7

Gjöld ríkissjóðs janúar – desember		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	...	38,2
Heilbrigðismál	...	10,0
Alm.trygg. & velferðarmál	...	18,2
Efnahags- og atvinnumál	...	20,7
Menntamál	...	9,5
Gjöld alls	...	17,4

Afkoma ríkissjóðs janúar – desember		
Milljónir króna	2006	2007
Handbært fé frá rekstri	65.719	60.958
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-25.435	-2.144
Afborgun lána	-46.097	-33.837
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	-75.531	-48.481
Lántökur	115.713	58.939
Greiðsluafkoma	40.182	10.457

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Verðbólga (jan. '08)	6,9	5,9
Kjarnaverðbólga (jan. '08)	7,1	5,9
Launavísitala (desember)	9,8	8,6
Heildarvelta (jan.-október)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-október)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,2	0,9